

20.3.2009

Iðnaðarnefnd Alþingis.

397 mál - þskj. 675 - umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 78/2002 um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, með síðari breytingum.

Norðurorka hf. kom að umsögn Samorku um nefnt frumvarp og vísar til hennar auk þess að setja fram eftirfarandi sjónarmið.

Norðurorka hf. vill áréttta að fyrirtækið hefur á síðastliðnum árum unnið að uppbyggingu nýrra veitna og stækkað veitur á þjónustu svæði sínu. Hefur verið farið í þessar framkvæmdir á grundvelli samninga um að niðurgreiðslur gangi til framkvæmdanna í samræmi við þau lög sem hér eru til umfjöllunar. Um verulega fjárfestingu hefur verið að ræða í hiutfalli við stærð fyrirtækisins. Af þessu tilefni vill Norðurorka hf. enn og aftur minn á og gera athugasemdir við það verklag sem hefur tíðkast þegar kemur að greiðslu á hlut ríkisins í þessum framkvæmdum. Er þá vísað til þess mikla dráttar sem iðulega hefur orðið á því að ríkið greiði sinn hlut í framkvæmdunum, sem hefur leitt til þess að Norðurorka hf. hefur þurft að bera verulegan fjármagnskostnað sem skekkir allar forsendur viðkomandi framkvæmdar, ekki síst í ljósi þeirra lánskjara sem í boði eru og þeirrar áhættu sem getur verið fólgin í lántöku.

Í þessu ljósi kann það að skjóta skökku við að verið sér að draga fjármuni til annarra verkefna á þessu sviði með þeim hætti sem lagt er til, þótt þau séu í eðli sínu góðra gjalda verð. Er því mikilvægt að nauðsynlegir fjármunir til verkefnanna verði tryggðir og þá þar með talið til þeirra úrræða sem frumvarpið gerir ráð fyrir nái það fram að ganga.

Í þessu samhengi verður einnig að leggja áherslu á að fram fari skoðun á öllum kostum í hverju falli, þannig að uppbygging og stækkun veitna sé ekki sleginn út af borðinu of fljótt, þótt aðrir kostir séu til í stöðunni, eins og réttilega kemur fram í frumvarpinu.

Virðingarfyllst,

f.h. Norðurorku hf.

Baldur Dýrfjörð hdl.